

Fundur haldinn 7.3.2013 í Fjölheimum við Bankaveg á Selfossi.

17 konur mættu.

1. Sigríður Guðnadóttir setti fundinn í fjarveru Rósu Mörtu. Hún kveikti á kertunum, bauð okkur velkomnar og lét gestabókina ganga.
2. Ingibjörg Þ.Þ. las fundargerð síðasta fundar.
3. Sigríður tók aftur við og fór yfir dagskrá landsambandsþingsins svo og verðskrá. Hún óskaði eftir konum í skemmtinefnd og Erna Ingvarsdóttir bauðst til að sjá um þann þátt. Erna ætlar að tala við „söngfugla“ sem hún þekkir og Boletta ætlar að finna börn sem verða við setningu þingsins. Athuga þarf með undirleikara.

Ásborg mun sjá um skoðunarferð og Elinborg verður þar með.

Skreytinganefnd – rósir. Elín Hannibals verður í forsvari þar og uppsveitarkonur munu hjálpast að við flutning á rósunum.

Ingibjörg Þ.Þ. og Elinborg Sigurðar verða ritarar fundarins en e-r ætla að hlaupa undir bagga seinnipartinn þegar þær bregða sér frá til að halda upp á 40 ára kennaraafmælið sitt.

Rætt var um hvort við ættum að hafa happdrætti eða ekki á landsambandsþinginu eða ekki. Vísað til stjórnar.

Elinborg Sigurðar benti á að það þyrfti að útbúa sönghefti – príblöðung. Spurning hvort undirleikari veldi ekki sönglöggin.

Einnig benti hún á að við yrðum að passa tímann vel á fundinum.

Svo sungum við Völuvísuna.

Sigríður Guðna fór yfir matseðil þingsins og sagði frá því að Guðrún Þóranna yrði fundarstjóri á landsþinginu og Sigrún Jóhannesar á aðalfundinum. Erna Ingvars verður veislustjóri.

Þá var þessum hluta fundarins lokið og Eydís Katla tók við.

4. Eydís Katla sagði okkur frá meistararitgerð sinni þar sem hún skoðaði hvað yrði um þá sem hefðu tekið þátt í Grunnmenntaskólanum. Grunnmenntaskóli er víða um landa og var „haldinn“ fyrst árið 2001. Rannsókn Eydísar leiddi í ljós að margir hafa haldið áfram í námi. Einnig að almenn ánægja hefur verið með námið.

Góður rómur var gerður að erindi Eydísar Kötlu.

Síðan var fundi slitið og við fórum í Eldhúsið og snæddum þar. Elín Hannibals vann í happdrættinu – fallega skál sem Guðrún Sigríks hafði fengið í „Hendur í Höfn.“

Maturinn góður og vel útlátinn. Verð sanngjarnt.

Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir ritaði.